

369. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. mars 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og

Á Microsoft Teams: Daníel Jakobsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Forföll: Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Kári Mímisson.

#### Dagskrá:

Forseti setti fundinn og stýrði honum. Hann skýrði frá þeirri breytingu á dagskrá fundarins að kynning Helgu Þórðardóttur á breytingum á lögum ÍSÍ á komandi Íþróttapiingi ÍSÍ hafi verið færð fremst í fundardagskrá og eins 9. dagskrárliður, um vinnuhóp ÍSÍ um góða stjórnarhætti.

Helga Þórðardóttir lögfræðingur ÍSÍ kom inn á fundinn.

### 1. Íþróttapiing

Helga skýrði frá vinnu síðustu mánaða við yfirlestur og endurskoðun á lögum ÍSÍ og tillögum sem hafa orðið til í þeirri yfirferð og eins við yfirferð vinnuhóps ÍSÍ um góða stjórnarhætti. Hún gerði grein fyrir rökstuðningi við breytingarnar.

Almennar umræður urðu um tillögurnar sem fundarmenn hafa til skoðunar á milli funda. Nokkrar ábendingar og athugasemdir komu fram sem Helga mun skoða á milli funda og uppfæra í skjalinu.

Samþykkt að kynna tillögurnar fyrir sambandsaðilum í marsmánuði til að tryggja gagnsæi og vitneskju um breytingarnar og ástæður sem liggja að baki. Stjórnsýslusviði falið að annast kynningarnar.

### 2. Vinnuhópur um góða stjórnarhætti

Helga fylgdi einnig úr hlaði skýrslu og viðaukum vinnuhóps um góða stjórnarhætti sem lá fyrir fundinum. Í viðaukum er að finna tillögur að ýmsum úrbótum á regluverki ÍSÍ, m.a. lagabreytingatillögur, tillögur að breytingum og niðurfellingum á reglugerðum, verkferlagerð og gerð reglna um ýmsa þætti í starfsemi ÍSÍ, svo eitthvað sé nefnt.

Bókaðar voru þakkir frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur til Höllu Kjartansdóttur, Helgu Þórðardóttur og Jóns Reynir Reynissonar fyrir þeirra ómetanlega framlag sem og vinnu við þetta verkefni.

Helga vék af fundi.

### 3. Samantekt skrifstofu

Andri fór yfir helstu verkefni skrifstofunnar.

### 4. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri fór yfir drög að rekstrarreikningi ÍSÍ 2024. Skýringar við ársreikninginn verða lagðar fram á næsta fundi.

## **5. Íþróttapening ÍSÍ**

Forseti skýrði framlagt minnisblað frá forseta og framkvæmdastjóra varðandi fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir næstu tvö ár. Í minnisblaðinu er lagt til að rými verði haft í fjárhagsáætlunum að framkvæmdastjórn geti tekið ákvörðun um laun til forseta í hlutastarf.

Í máli forseta kom fram að gerðar eru miklar kröfur til þeirra sem eru í forsvari fyrir íþróttahreyfinguna og verkefnum fjölgar á hverju ári. Forseti hefur gegnt þessu hlutverki í sjálfboðaliðastarfi samhliða öðru starfi, en áætla má að um sé að ræða vinnuframlag sem er a.m.k. í kringum 50% starfshlutfall.

Miklar umræður urðu um þessa tillögu.

Samþykkt var að vísa til fjármálaráðs ÍSÍ að gera ráð fyrir launagreiðslum til forseta ÍSÍ í þeirri fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir Íþróttapening ÍSÍ í maí. Er þá t.d. verið að horfa til 50% stöðugildis og launa sem taka mið af þingfararkaupi, en tillögur fyrir Íþróttapening ÍSÍ eru í vinnslu.

Það er svo Íþróttapening ÍSÍ að ákveða hvernig þessum málum skuli háttað en núverandi framkvæmdastjórn þykir rétt að leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun sem felur í sér rými til breytinga hvað varðar laun til forseta.

Rætt um framboð til forseta og framkvæmdastjórnar. Tveir af þeim sem eru að ljúka sínu kjörtímabili hafa ákveðið að gefa áfram kost á sér í framkvæmdastjórn en einn er óákveðinn. Fjórir hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu og undirbúning.

## **6. Íþróttamiðstöðin í Laugardal**

Framkvæmdastjóri fór yfir hugmynd að breyttri aðkomu að Íþróttamiðstöðinni og sýndi myndband þar sem hugmyndirnar eru kynntar að nýrri tengibyggingu og anddyri. Beðið er eftir kostnaðaráætlun fyrir þessar hugmyndir.

## **7. Svæðisstöðvar íþróttahéraða**

Fyrirhugað var að leggja fram 6 mánaða skýrslu um starfsemi svæðisstöðva íþróttahreyfingarinnar en við yfirlestur fundust villur í tölulegum upplýsingum sem verið er að lagfæra. Skýrslan verður send til framkvæmdastjórnar á milli funda.

## **8. Ferðasjóður íþróttafélaga**

Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ kynnti tillögu til úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ársins 2024. Heildarupphæð úthlutunar er 123.898.469,-. Farið var yfir skiptinguna pr. íþróttahérað, íþróttagrein og pr. íþróttafélag.

Tillagan var samþykkt samhliða með fyrirvara um samþykki vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga í gegnum tölvupóst þar sem sú tillaga sem lögð var fyrir vinnuhópin á fundi hans 24. febrúar og staðfest þar tók örlitlum breytingum í millitíðinni vegna leiðréttingar.

## **9. Vinnuhópur um góða stjórnarhætti – skýrsla og viðaukar**

Málið var fært frammar í dagskrá og tekið fyrir sem dagskrárliður nr. 2.

## 10. Reglugerð um Íþróttamannanefnd ÍSÍ – tillaga að breytingu

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar.

## 11. Erindi til ÍSÍ

Lögð fram eftirfarandi erindi sem borist hafa ÍSÍ og metið var að eigi erindi inn á framkvæmdastjórnarfund:

- *Samþykkt IOC um bráðabirgðaaðild World Boxing sem alþjóðasamband fyrir hnefaleika.*

Framkvæmdastjóri fylgdi málinu eftir. Þetta eru góðar fréttir fyrir hnefaleikaíþróttina og stórt skref í áttina að því að hnefaleikaíþróttin verði sett á dagskrá Ólympíuleikanna í Los Angeles 2028.

- *Ályktun ársþings KSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga.*

Lögð fram eftirfarandi ályktun frá ársþingi KSÍ sem fram fór 22. febrúar sl.:

### **Ferðasjóður íþróttafélaga – Áskorun til stjórnvalda**

*79. ársþing Knattspyrnusambands Íslands árið 2025, sem haldið var á Hilton Nordica hóteli laugardaginn 22. Febrúar sl. skorar á ríkisstjórn Íslands að hækka framlag ríkissjóðs til Ferðasjóðs íþróttafélaga strax á árinu 2025. Það er einn liður í því að íþróttaiðkun barna og unglunga geti þrífist á landsbyggðinni.*

## 12. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tilnefningu Bogfimisambands Íslands um heiðrun á ársþingi sambandsins 29. mars nk.

Samþykkt að sæma Albert Ólafsson 1961 Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu bogfimiíþróttarinnar.

## 13. Fundargerðir

**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 366., 367. og 368. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- 3. og 4. fundar laganefndar ÍSÍ - **tillögur um afgreiðslu erinda staðfestar.**
- 327. – 333. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ

## 14. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

## 15. Næstu fundir

Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. apríl.

## 16. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.